

# Fundur stjórnar Markaðsstofu Norðurlands

kl. 11:00 þriðjudaginn 22. febrúar 2022, Teams fundur

Mættir stjórnarmenn: Viggó Jónsson formaður, Sigrún Hulda Sigmundsdóttir, Steinunn Heba Finnsdóttir, Guðmundur Þór Birgisson, Álfhildur Leifsdóttir, Hilda Jana Gísladóttir og Tómas Árdal varamaður. Örn Arnarson kom á fund kl. 11:30. Þorbjörg Jóhannsdóttir varamaður boðaði forföll. Starfsmenn: Arnheiður Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri og Hjalti Páll Þórarinsson verkefnastjóri.

Formaður setti fund og fól framkvæmdastjóra að ganga til dagskrár.

## Dagskrá:

### 1. Staða ferðapjónustunnar, umræður

Framkvæmdastjóri kallaði eftir umræðu frá stjórnarmönnum um stöðu ferðapjónustunnar núna.

Útlitið fyrir sumarið almennt gott, bókanir nokkuð góðar og jákvæð teikn á lofti. Ákveðin óvissa enn til staðar, en ef ekki verður mikið um afbókanir lítur út fyrir gott sumar. Virðist vera auðveldara nú að ráða starfsfólk en í fyrra. Helstu áhyggjuefnin nú eru gengismálin og óstöðugleiki þar og svo launahækkningar sem eru þungar. Vel hefur orðið vart við Hollendingana og Færeyingana sem hafa komið með beinu flugi og skiptir miklu á þessum árstíma.

### 2. Flugmál

Framkvæmdastjóri greindi frá því að hún hefði verið beðin um að taka sæti í stjórn Niceair núna fyrstu mánuðina meðan fyrirtækið er að komast af stað. Hún hafi samþykkt það eftir samráð við formann og fleiri.

*Stjórn styður setu framkvæmdastjóra í stjórn Niceair.*

Hjalti verkefnastjóri fór yfir stöðuna í flugmálum.

Voigt Travel flugferðirnar ganga vel, fyrstu vélarnar voru ekki fullar en nýting á vélunum batnar eftir því sem á líður tímabilið. Farþegarnir ánægðir. Verið að undirbúa blaðamannaferð í samstarfi við Voigt Travel í mars.

Búið er að stofna flugfélag á Norðurlandi, Niceair, og fyrirhugað að sala flugmiða geti hafist í mars og að flugferðir hefjist í júní. Stefnt að flugi til London, Kaupmannahafnar og Spánar til að byrja með. Búið er að tryggja flugvél í verkefnið og unnið að uppsetningu kerfa og ráðningu starfsfólks. Mjög spennandi að fylgjast með framgangi þessa verkefnis.

Vinna í gangi með Austurbrú, Isavia og Íslandsstofu í fluggáttaverkefninu. Verið að vinna þar með þrjá aðal markaði, Bretland, Frakkland og Þýskaland. Viðræður í gangi við nokkur flugfélög, sem eru þó á mismunandi stigum. Framundan er Routes Europe ráðstefnan í maí.

### 3. Erindi varðandi þekkingarsetur á Húsavík

Framkvæmdastjóri kynnti erindi frá Þekkingarsetrinu á Húsavík, þar sem MN var boðið að taka þátt í að leigja húsnæði á Húsavík fyrir starfsstöð MN. Framkvæmdastjóri greindi jafnframt frá því að MN hefur samning við SSNE og SSNV um aðgang að aðstöðu fyrir sitt starfsfólk á starfsstöðvum þeirra um allt Norðurland. Umræður.

*Stjórn þakkar boð um þátttöku í spennandi verkefni en er sammála um að leigja ekki aðstöðu sérstaklega fyrir MN á Húsavík.*

### 4. Helstu verkefni, stutt yfirlit

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu verkefna hjá MN.

Sjálfbærnaverkefnið er farið af stað, búið að skrifa undir samning og vinna hafin.

Í fyrsta sinn eru allir starfsmenn Markaðsstofa landshlutanna að hittast á 2 daga fundi til að stilla saman strengi og efla samstarfið. 22 starfsmenn samtals.

Nýjasta herferð Íslandsstofu mun fara af stað á morgun (Ísland saman í sókn)

Nýlega yfirstaðnar vinnustofur í UK og rafræn í Evrópu með áherslu á norður Evrópu

FAM ferðir framundan.

Mannamót verður haldið 24. mars n.k.

MN er flutt út úr skrifstofu sinni til bráðabirgða meðan unnið er að lagfæringum vegna myglu. Er nú til húsa í Hafnarstræti 95 á fjórðu hæð.

### 5. Önnur mál

*Stjórn fagnar stofnun Niceair og þessum áfangasigri á leið til aukins millilandaflugs til Norðurlands.*

Fleira ekki rætt og formaður sleit fundi kl 12:10

Fundarritari HPP